

HVATNINGARSJÓÐUR KVÍKU

1 TILGANGUR OG MARKMIÐ

- 1.1 Gildi Kviku er langtímahugsun og stefna bankans er að hafa jákvæð langtímaáhrif á samfélagið. Í því felst að þegar bankinn tekur ákvarðanir er ávallt tekið tillit til hvaða áhrif ákvarðanir hans hafa til lengri tíma lítið, hvort sem um er að ræða innri málefni bankans, málefni viðskiptavina eða málefni samfélagsins.
- 1.2 Hagsæld framtíðarinnar grundvallast á menntun og telur Kvika menntun eina bestu langtímafjárfestingu sem einstaklingar og samfélög geta ráðist í. Að mati bankans verða samfélög sem drifin eru áfram af hugviti og nýsköpun leiðandi á komandi árum og menntun því einn af hornsteinum samfélagsins og mikilvægur hlekkur í því að stuðla að sjálfbærni. Þá telur bankinn menntun grundvallaratriði í réttindabaráttu kvenna, við verndun barna gegn barnavinnu og kynferðislegri misnotkun, til eflingar mannréttindum og lýðræði og til að stuðla að umhverfisvernd. Vegna þessa hefur bankinn sett sérstaka áherslu á að styðja við menntamál.
- 1.3 Hvatningarsjóður Kviku hefur það hlutverk að hvetja og styrkja ungt fólk til iðn- og kennaranáms. Markmið sjóðsins er að efla umræðu og vitund um mikilvægi iðn- og kennaranáms og þýðingu starfa sem því tengjast fyrir íslenskt atvinnulíf en skortur er á slíku starfsfólki og er sá skortur víða orðinn hamlandi fyrir starfsemi fyrirtækja og skóla.
- 1.4 Samstarfsaðilar Kviku í Hvatningarsjóðnum eru Samtök iðnaðarins og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

2 STÆRÐ

- 2.1 Sjóðurinn veitir styrki að fjárhæð allt að 10 milljónir króna árlega.
- 2.2 Miðað er við að einstaka styrkir séu að bilinu kr. 500.000 og upp í kr. 1.000.000. Úthlutunarnefnd er þó heimilt að hækka og lækka þessar fjárhæðir ef sérstakar ástæður réttlæta það að hennar mati.

3 AUGLÝSINGAR

- 3.1 Kvika auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum á tímabilinu mars – maí ár hvert vegna komandi skólaárs.
- 3.2 Auglýsingar verða birtar í dagblöðum eða með öðrum sannanlegum hætti. Þá verða auglýsingar birtar á heimasíðu Kviku.

4 UMSÓKNIR

- 4.1 Allir sem hafa þegar hafið, eða hyggjast hefja á komandi vetri, kennaranám eða nám í löggiltum iðngreinum geta sótt um styrk.
- 4.2 Sótt skal um styrk með því að senda umsókn á netfangið hvatningarsjodur@kvika.is.
- 4.3 Í umsókn skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar um umsækjanda, þ.á m upplýsingar um tegund náms og skóla. Með umsókn skulu fylgja a.m.k. eftirfarandi gögn:
 - a) Upplýsingar um umsækjanda þar sem fram kemur m.a. af hverju umsækjandi hefur valið það nám sem hann hyggst hefja.

- b) Framtíðarhugmyndir umsækjanda með náminu.
- c) Einkunnir umsækjanda sl. tvö ár.

Auk framangreinds eru umsækjendur hvattir til að senda önnur gögn og upplýsingar sem stutt geta við umsóknina, s.s. umsögn kennara eða annarra sem þekkja umsækjanda.

- 4.4 Farið verður með allar umsóknir og upplýsingar í fylgigögnum sem trúnaðarmál.

5 MAT Á UMSÓKNUM

- 5.1 Forstjóri Kviku skipar úthlutunarnefnd fyrir sjóðinn. Í henni skulu sitja allt að fimm einstaklingar, þar af einn frá bankanum.
- 5.2 Úthlutunarnefndin fer yfir umsóknir og tekur ákvörðun um styrkveitingar í samræmi við reglur þessar. Við mat á umsóknum og úthlutun styrkja er m.a. litið til eftirfarandi atriða:
- a) Bakgrunns umsækjanda og sögu.
 - b) Vöntun í viðkomandi tegund náms.
 - c) Frammistöðu umsækjanda í námi og starfi.
 - d) Byggðasjónarmiða.

- 5.3 Ávallt verður litið til kynjahlutfalla við mat á umsóknum og úthlutun styrkja og leitast við að hafa þau jöfn.

6 AFGREIÐSLA STYRKJA OG SKULDBINDINGAR

- 6.1 Innan tveggja mánaða frá því að umsóknarfrestur um styrk rennur út skal umsækjendum svarað um hvort þeir hafa hlotið styrk eða ekki.
- 6.2 Umsækjendur sem þiggja styrk skuldbinda sig til vinna að framgangi og markmiðum sjóðsins. Slíkt kann að fela í sér viðtöl og myndatökur sem Kviku er heimilt að nota.
- 6.3 Í september ár hvert fer fram formleg úthlutun styrkja. Fyrir úthlutun skal styrkþegum sendur styrktarsamningur þar sem fram koma þau skilyrði sem fylgja styrkveitingu. Undirritun slíks samnings er skilyrði fyrir úthlutun á styrk til styrkþega.
- 6.4 Styrkir eru greiddir út í byrjun júní vegna úthlutunar á árinu á undan. Skilyrði fyrir útgreiðslu styrks er að umsækjandi hafi uppfyllt þau skilyrði sem fram koma í styrktarsamningi og reglum þessum.

7 ANNAÐ

- 7.1 Sjóðurinn var stofnaður árið 2020 og tekur við af Hvatningarsjóði iðnnema, stofnaður 2018 og Hvatningarsjóði kennaranema, stofnaður árið 2019.
- 7.2 Kvika getur breytt úthlutunarreglum þessum án fyrirvara. Slíkar breytingar hafa þó ekki gildi afturvirkkt gagnvart aðilum sem þegar hafa fengið úthlutað styrk.

Reykjavík, 15. nóvember 2020



Marinó Ö. Tryggvason, forstjóri